




Upplýsingar um starfsemi
Vina Vatnajökuls, hollvinasamtök
Vanajökulsþjóðgarðs



VINIR
VATNAJÖKULS

Hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs

VINIR
VATNAJÖKULS



©Daniel Bergmann

Hlutverk og markmið Vina Vatnajökuls er að:

- Afla fjár til að styðja við rannsóknir, kynningu og fræðslu um Vatnajökulspjóðgarð
- Efla fræðslu og rannsóknir í Vatnajökulspjóðgarði og næsta umhverfi hans
- Styrkja verkefni sem stuðla að samspili Vatnajökulspjóðgarðs og samfélagsins
- Beita áhrifum sínum til að efla samkennd um mikilvægi Vatnajökulspjóðgarðs fyrir nærliggjandi byggðir og alla landsmenn
- Efla skilning umheimsins á mikilvægi Vatnajökulspjóðgarðs og einstakri náttúru hans á heimsvísu

Stefna og framtíðarsýn Vinanna

- Stefnan er að Vinir Vatnajökuls verði fjölmenn, fjárhagslega sjálfstæð samtök sem leggi mikið af mörkum til verkefna á sviði rannsókna og kynningar- og fræðslustarfs í Vatnajökulspjóðgarði.
- Með sameiginlegu framlagi innlendra og erlendra einstaklinga, fyrirtækja, félaga og stofnana geta Vinirnir styrkt verkefni sem stuðla að þekkingu, leiða af sér tekjur og auka almenna vitund um sérstöðu og mikilvægi Vatnajökulspjóðgarðs – stærsta þjóðgarðs í Evrópu.

Vinirnir vilja setja í forgang styrkveitingar til verkefna sem stuðla að:

- Aukinni þekkingu almennings á náttúru og sögu Vatnajökulspjóðgarðs
- Samspili byggðarlaga innan þjóðgarðsins
- Aukinni fræðslu og rannsóknum í Vatnajökulspjóðgarði og grenndarsamfélagi hans
- Samspili útivistar, menningar og þjóðgarðsins
- Tengslum barna og unglunga við náttúruna
- Auknum skilningi umheimsins á mikilvægi Vatnajökulspjóðgarðs og einstakri náttúru hans á heimsvísu
- Eflingu samkenndar um mikilvægi Vatnajökulspjóðgarðs fyrir nærliggjandi byggðir og alla landsmenn
- Sjálfbærri ferðabjónustu



©Daniel Bergmann

Árið 2010 styrktu Vinirnir eftirtalin verkefni

- 1 Gestagötur í Vatnajökulsþjóðgarði
- 2 Gönguleiðakort af nágrenni Kirkjubæjarklausturs
- 3 Handbók í umhverfistúlkun
- 4 Hvítblinda – Ljósmyndasýning á Hornafirði
- 5 Innland Vatnajökull – Ljós- og myndbandasýning í Skaftafelli
- 6 Sjálfbær ferðamennska, náttúruvernd og stjórnun náttúruauðlinda
- 7 Skráning menningarminja í Örfæfaveit
- 8 Snjallleiðsögn um Vatnajökulsþjóðgarð
- 9 Stafrænn ferðafélagi í Vatnajökulsþjóðgarði – Hlustaðu, sjáðu, upplifðu
- 10 Útbreiðsla stafafuru í Staðarfjalli í Suðursveit
- 11 Þróun gróðurs og jarðvegs í Skaftafelli og Örfæfum síðustu árbúsundir
- 12 Þróun vetrarferðaþjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði
- 13 Vatnajökull – Útiljósmyndasýning við Jökulsárlón
- 14 Hop jökla – Útiljósmyndasýning við Hoffell

Styrkveitingar Vina Vatnajökuls árið 2011

Alls bárust yfir 70 styrkumsóknir til Vinanna árið 2011. Styrk hlutu eftirtalin verkefni, samtals að upphæð kr. 37.436.167,-

- 1 Betra veður í Kverkfjöllum
- 2 Börn, foreldrar og náttúra í Vatnajökulsþjóðgarði
- 3 Svavar Guðnason listmálari: Innblástur úr ríki Vatnajökuls og menningartengd ferðaþjónusta.
- 4 Jarðsaga Skaftafells og miðlun jarðfræði til gesta þjóðgarðsins
- 5 Jöklaveröld: Stærsti þjóðgarður Evrópu
- 6 Kortlagning úrkomu við Örfæfajökul
- 7 Leikverk um Skaftárelda
- 8 Markaðssetning á netinu til erlendra ferðamanna á afþreyingu og þjónustu við Vatnajökul

- 9 Notkun fræ- og mosaslægju við endurheimt staðargróðurs í Vatnajökulsþjóðgarði
- 10 Staðbundið vindafar við Vatnajökul og breytingar í hlýnandi veðurfari
- 11 Varpútbreiðsla heiðagæsar í Herðubreiðarfriðlandi
- 12 Breiðamerkurjökull í beinni.
- 13 Innland/Útland-Ísland
- 14 Náttúra og menningarminjar í Vatnajökulsþjóðgarði: Sambúð manns og náttúru í 1000 ár.
- 15 Rannsóknir á sjóbirtingi og öðrum fiski í vatnakerfi Jökulsárlóns
- 16 Staðsetning örnefna í Jökulsárgljúfrum, Vatnajökulsþjóðgarði
- 17 Umhverfis Vatnajökul
- 18 Úrvinnsla og framsetning á gögnum úr náttúrufarsrannsóknum nemenda FAS í og við Vatnajökulsþjóðgarð
- 19 Vefsíða Fálkaseturs Íslands
- 20 Vatnajökull og leiðangur W. L. Watts 1875

Sampykktar voru árið 2011 styrkbeiðnir Vatnajökulsþjóðgarðs að upphæð kr. 26 milljónir til framkvæmda við eftirtalin verkefni:

- 1 Fræðslu- og upplýsingaskilti í þjóðgarðinum
- 2 Vörður á þjóðgarðsmörkum
- 3 Kort og fræðslubæklingar um þjóðgarðinn
- 4 Fræðslusýning í Skaftárstofu á Kirkjubæjarklaustri

©Skarphéðinn G. Þórisson





©Guðmundur Ögmundsson

Styrkveitingar Vina Vatnajökuls árið 2012

Vinir Vatnajökuls auglýsa eftir styrkumsóknum frá og með 1. ágúst 2012.

Umsóknarfrestur stendur til 30. september.

Sjá nánar á vefsíðu: www.vinirvatnajökuls.is

Vinirnir samþykktu tíu milljón króna styrk til Vatnajökulspjóðgarðs, til framkvæmda við eftirtalin verkefni á árinu 2012:

- 1 Fræðslusýning um Vatnajökulspjóðgarð á Höfn í Hornafirði
- 2 Endurnýjun á fræðslusýningu í Skaftafelli

Vinir Vatnajökuls munu láta vinna fræðsluverkefnið „Litli landvörðurinn“ í samvinnu við starfsmenn þjóðgarðsins og leggja þjóðgarðinum það til.

Ýmsar niðurstöður úr styrktarverkefnum Vina Vatnajökuls má nú sjá á vefsíðu samtakanna www.vinirvatnajökuls.is



Sóaðu ekki dýrmætum sumarleyfistíma!

Til að njóta þess til fullnustu að ferðast um Vatnajökulspjóðgarð þarftu framúrskarandi leiðsögn þess sem þekkir garðinn best. Leiðsögn um Vatnajökulspjóðgarð er eina bókin sem rituð hefur verið um þjóðgarðinn. Hún er í hentugri stærð, hefur að geyma fjölda af kortum, ljósmyndum og gagnlegum upplýsingum sem gera þér kleift að fá sem mest út úr heimsókn í þjóðgarðinn.



Komdu í góðra Vina hóp! Vertu Vinur Vatnajökuls!

Til að gerast Vinur og styrkja samtökin heimsæktu vefsíðu Vinanna: www.vinirvatnajökuls.is

VERTU VINUR VATNAJÖKULS!

Leiðsögn um Vatnajökulsþjóðgarð

Bókin hefur fengið frábæra dóma og þykir hin vandaðasta í alla staði. Höfundur hennar, náttúrufræðingurinn og náttúruunnandinn Hjörleifur Guttormsson, setur Vatnajökulsþjóðgarð á heimskortið!



Vinasúkkulaði!

Ágóði af vörusölu Vinanna rennur til styrktar Vatnajökulsþjóðgarði – stærsta þjóðgarði Evrópu



VINIR Vatnajökuls –

hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs eru frjáls félagasamtök. Meginmarkmið VINANNA er að veita styrki til fræðslu, kynningar og rannsókna á Vatnajökulsþjóðgarði og nærsamfélagi hans.

Við þökkum stuðninginn!



VINIR.
VATNAJÖKULS

Hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs

Sturlugata 8 101 Reykjavík Sími 570 2825 vinir@vinirvatnajokuls.is www.vinirvatnajokuls.is